**264. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn þriðjudaginn 11. ágúst 2015 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.**

**Mættir:**

Kristjana Hermannsdóttir
Björn H Hilmarsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

1) **Fundargerð aðalfundar Jertúns ehf., dags. 29. maí 2015.**
Lagt fram til kynningar.

2) **Fundargerð 145. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 18. febrúar 2015.**
Lagt fram til kynningar.

3) **Fundargerð 829. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 3. júlí 2015.**
Lagt fram til kynningar.

4) **Svarbréf Snæfellsbæjar til Orkustofnunar, dags. 21. júlí 2015, varðandi beiðni um umsögn á umsókn einkahlutafélagsins Á Eyrunum um nýtingarleyfi í landi Lýsudals í Snæfellsbæ, ásamt fylgigögnum.**
Lagt fram til kynningar.

5) **Bréf til bæjarstjórnar og bæjarstjóra frá slökkviliði Snæfellsbæjar, dags. 23. júlí 2015.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að auglýsa eftir 20% stöðu slökkviliðsstjóra í Jökli fimmtudaginn 13. ágúst. Aðrir liðir bréfsins verða teknir til umfjöllunar og afgreiðslu á fundi bæjarstjórnar þann 3. september n.k.

6) **Bréf frá Bylgju Dröfn Jónsdóttur, dags. 27. júní 2015, varðandi úrsögn úr hafnarstjórn.**
Bæjarráð þakkar Bylgju Dröfn setu hennar í hafnarstjórn og samþykkti samhljóða úrsögn hennar úr stjórninni. Jafnframt kom fram að einn aðili í hafnarstjórn, Arnar Laxdal Jóhannsson, hefur ekki lengur lögheimili í Snæfellsbæ og er því ekki kjörgengur í nefndum og stjórnum á vegum Snæfellsbæjar. Nýir nefndarmenn voru tilnefndir:
Í stað Arnars Laxdal Jóhannssonar kemur Heiðar Magnússon inn sem aðalmaður.
Í stað Bylgju Drafnar Jónsdóttur kemur Kristjana Hermannsdóttir inn sem varamaður.
Í stað Heiðars Magnússonar kemur Pétur Pétursson inn sem varamaður.
Í stað Hallveigar H Þorbjargardóttur kemur Fríða Sveinsdóttir inn sem aðalmaður.
Varamaður í stað Fríðu verður tilnefndur á næsta fundi bæjarstjórnar.
Tillögurnar samþykktar samhljóða.

7) **Bréf frá Hringiðunni, dags. 15. júlí 2015, varðandi uppsögn á fjarskiptasamningi.**
Lagt fram til kynningar.

8) **Bréf frá ÖBÍ, dags. 21. júlí 2015, varðandi aðgengileg ferðasalerni fyrir fatlað fólk á almennum viðburðum og hátíðum á vegum sveitarfélaga og ríkisins.**
Lagt fram til kynningar.

9) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 5. ágúst 2015, varðandi úthlutun úr Námsgagnasjóði 2015.**
Lagt fram til kynningar.

10) **Bréf frá bæjarritara, dags. 10. ágúst 2015, varðandi afskrift krafna vegna ársreiknings 2014.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að afskrifa kröfuna skv. framlögðum gögnum.

11) **Minnispunktar bæjarstjóra.**
a) Bæjarstjóra var falið að leita úrlausna á skorti á heitu vatni á Lýsuhóli.

F.S.

b) Bæjarráð fagnar því að Íbúðalánasjóður hafi loksins byrjað að halda við að utan, íbúðum í hans eigu í Ólafsvík, Hellissandi og Rifi.

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:40**

Kristjána Hermannsdóttir

Björn H Hilmarsson

Fríða Sveinsdóttir

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari